

Föstudaginn 19. september 1975.

Nr. 113/1975. **Ákærvaldið**
 gegn
Birni Þórðarsyni.

Dó m e n d u r :

**hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörns-
 og Logi Einarsson.**

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ingibjörg Benediktsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Samkvæmt yfirlýsingu héraðsdómara, dags. 19. þ. m., skaut varnaraðili hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar við uppkvaðningu hans hinn 27. ágúst sl., sbr. 3. tl. 172 gr. laga nr. 74/1974, en skjöl málsins bárust Hæstarétti 8. þ. m.

Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en af hálfu skipaðs réttargæslumanns hans hefur Hæstarétti engin greinargerð borist.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. ágúst 1975.

Ár 1975, miðvikudaginn 27. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að þriðjudaginn 26. ágúst sl. var óskað lög-regluaðstoðar að Hraunbæ 30 hér í borg vegna manns, er hafði verið að elta 5 ára stúlkubarn í stigagangi hússins. Var hann með buxurnar niður um sig og kynfærin útbyrðis. Stúlkan varð ofsahrædd við þessa sjón. Kærði, Björn Þórðarson, neitar sakargiftum, en tveir sjónarvottar hafa borið, að hann hafi verið hér að verki.

Á árinu 1974 var kærði tvívegis kærður fyrir grófa hegðun af sama tagi gagnvart börnum. Rúmlega fimmtíu íbúar að Hraunbæ

30, en þar býr kærði, og íbúar nærliggjandi fjölbýlishúsa skrifuðu þá undir lista, þar sem þeir kröfðust, að kærði sætti refsíabyrgð vegna ósiðsamlegs athæfis gagnvart börnum og fullorðnum.

Rannsókn máls þessa er enn á frumstigi.

Með hliðsjón af því og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að úrskurða kærða, Björn Þórðarson, til að sæta gæsluvarðhaldi, enda eru skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu, þar sem brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu, sbr. XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gæsluvarðaldstíminn ákveðst allt að 60 dögum.

Rétt þykir, að kærði gangi undir geðheilbrigðisrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldinu stendur, sbr. d lið 2. tl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974.

Úrskurðarorð:

Kærði, Björn Þórðarson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum. Kærði sæti geðheilbrigðisrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldinu stendur.

Þriðjudaginn 23. september 1975.

Nr. 39/1974. Guðbjörn Guðmundsson

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Sigmundi P. Lárussyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Leif Einarsson og Magnús P. Torfason.

Verktakar. Sameiginlegt tilboð. Skipting hagnaðar og taps.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. febrúar 1974. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.